

# Morgunblaðið

20. tgl. 60. árg.

MIÐVIKUDAGUR 24. JANÚAR 1973

Prentsmiðja Morgunblaðsins.



## Morgunblaðið í dag ....

Fréttir og annað efni Morgunblaðsins í dag fjalla að mestu um eldgosið í Vestmannaeyjum.

Viðtal við bærarstjóraann í Eyjum Verðmæti fasteigna í Eyjum Eldgosið um hádegisbil Skattgreiðendur sprýja Almannavarnir

|   |       |
|---|-------|
| Umsögn Sveins Jakobs-sonar, jarðfræðings    | 10    |
| Verðmæti fyrstra fiskafurða í Eyjum         | 11    |
| Umsögn Sigurðar Þórarinssonar               | 11    |
| Frá Þorlákshöfn                             | 12    |
| Viðbögð erlendis                            | 13    |
| Heimsókn í skóla og sjúkrahús               | 14—15 |
| Þjóðeráfall nefnist forystugreinin          | 16    |
| Fréttaspjall fyllar um fréttatflutning Mbl. |       |
| 2 af eldgosinu                              | 16    |
| Æviferrill                                  |       |
| 3 Lyndons Johnsons                          | 17    |
| 3 Ávarp biskups                             | 19    |
| 4 Ræða forseta ríðherra                     | 19    |
| 10 Íþróttir                                 | 30    |

## Friður í Vietnam?

Washington, 23. jan. AP.NTB RICHARD Nixon Bandaríkjaforseti hugðist ávaraþa þjóðsins kl. 3 í nótta (isl. tími) i sjónvarpi og útvarpi og var talid, að hann myndi kunnagera, að Bandaríkin og Norður-Vietnam hefðu komið að samkomulagi um friðarsamninga, sem undirritaðir yrðu senn a hinum stríðandi aðilum í Vietnam.

Það var blaðafullrúi forsetans, Ronald Ziegler, sem skýrði frá því í kvöld, að forsetinn myndi gera þjóð sinni grein

fyrir gangi friðarviðræðana í Paris síðstuða daga. Ziegler vildi ekki staðfesta, að forsetinn myndi lýsa því yfir, að friðarsamningarnir væru tilbúnir. Aður en forsetinn skyldi halda ræðu sina, ætlaði hann að halda fund með ríkisstjórn sinni og síðan með leiðtugum beggja þingdeilda Bandaríkjings.

### KISSINGER KOMINN HEIM

Henry Kissinger, ráðgjafi Nixons forseta í öryggismálum, hélt síðlegi í dag óllum á óvant heim til Washington, eftir að hann hafði að fjögurra klukkustunda fund með Le Duc Tho, aðalfulltrúa Norður-Vietnama í

friðarviðræðunum. Ekki var að svo komnu málí vitað, hvort Kissinger og Tho héraðu lokið viðræðum sinum og samkomulag væri fengið eða hvort enn væru fyrir hendi málstjórið, sem Kissinger vildi fá að ræða við Nixon forseta. Hvorugur þeir Kissingers og Thos vildi skýra fréttamönnum frá gangi viðræðunna, en þeir kvöddust með handabandi og brost-breit.

### SJÓNVARPSTILKYNNING THIEUS FORSETA

I dag var lesin upp í sjónvarpa og útvarpi í Suður-Vietnam til Framhald á bls. 20.

### Washington:

## Varnar málin rædd í dag

Washington, 23. janúar, AP.

EINAR Ágústsson, utanríkisráðherra Íslands byrjar viðræður sínar við bandarískra embættis-menn á morgun, miðvikudag, um varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna almennt og svó sérstaklega um framtíð varnarstúðvarinnar í Keflavík. En ráðherrann hafði gert það ljóst fyrir komu sínar á mánudagskvöld, að viðræður hans í Washington yrðu könnunarviðræður í eðli sínu og ekki væri að vænta neinnar ákvörðunar.

Haft var eftir íslenzka sendráðinu í Washington, að Einar Ágústsson myndi ekki eiga viðræður við bandarískra ráðamenn í dag, þriðjudag, en byrja viðræður sínar á morgun með því að ræða við Walter Stoessel, aðstoðarutanríkisráðherra og aðstoðarmann hans, George Springsteen. Gert er ráð fyrir því, að síðan muni Einar Ágústsson svo ræða við William P. Rogers utanríkisráðherra á fimmtudag.

Þá eru áformadað viðræður Elnars Ágústssonar við aðstoðar utanríkisráðherrana Marshall Green, sem fer með mállefni Austurlanda fjer og Joseph Sisco, sem fer með mállefni landans fyrir botni Miðjarðarhafssins.

Hver við annan spúa gigarnir á Heimayi eldi og eimyrju aðeins um 150 metra frá auststu húsum í Vestmannaeyjum.

Ljósm. Mbl. Ól. K. M.  
— Sjá eldgossfréttir á bls.: 2, 3, 10, 11, 12, 13, 14, 15 og 32.

# „Ég á eftir að endurheimta allt mitt fólk“ – segir bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum

„PÁÐ er ógaman að sjá byggðarlaði svona yfirgefum og undir hæli eldsins,” sagði Magnús H. Magnússon, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, þegar Mbl. frá við hann í gær. „Heldur illa” gekk þá að fá síðustu mennina til að yfirgefa Vestmannaeyjar og sagði Magnús, að það væru menn á þeita aldrí, sem væru ófusir til að yfirgefa heimilisín, en konur, börn og gamallmenn öll sagði Magnús kominn í land. Magnús kvaðst vongöður um, að eldgosið hyrmidænum og kvaðst reiðubúinum til að dvelja fram úr. „Ei það fer á annan veg, þá eru allir manns draumar fallnir,” sagði bæjarstjórin, „og þá skiptir kannski ekki svo miklu máli, hvar maður er.“

Magnús sagðist hafa orðið var við jarðskjálftakippi frá því um tuileytið og fram undir klukkunum hálf tvö. „Eg held ég hafi taflit eina áttá kippum.“ Og satt að segja var ég samfærður um að það væri Katla, sem væri farin að bæra á sér. Einn svo hrингdi einn kummingi minn í mílg laust eftir klukkunum hálf tvö. Þá var það bjarminni kominn á loft og ég sá, að það sem ég hélت að væri að gerast uppi á landi, var þá bara við bæjardyrnar hjá okkur Vestmannaeyingum.“

Eitthvað af aðkomufólk sagði Magnús að hefði ver.

komið til vertíðar i Eyjum; „kannski einhverjir tugir“. Annars hefur hlutur aðkomumáfólkis í vertíðarstörfum í landi farið minnkandi undanfarin á og taldi Magnús, að nú hefði þurft um 3–400 aðkomumanns til vertíðarinnar. „Það er ekkert í áttina að því, sem áður var, þegar kannski á þrója þúsund mæns leitúu hér starfa á vertíðinni.“

Míðað vð þá stefnū, sem gosprungur hafti síðeigis í gær, taldi Magnús að hú myndi þá fyrst ógna rafstreng og vatnsleðslum Eyja-manna, þegar hún veri komin 300—1000 metra út frá Helmeiða. „Ég held, að fjar-lægðin sé enn innan við helming af því,“ sagði Magnús, „en það par ekkí að sökum að sprýra, ef sprungan fer suðan lanet út.“

svó langt ut.

Bæjarþrifstofurnar í Vestmannaeyjum voru opnar í gær og eðinnig sagði Magnús, að Póstur og sími héldi áfram inn flutti í gær mótt fí sít og þýsingarmestu skjöl til Reykjavíkur til áframhaldandi þjónustu við Vestmannaeyinga og „éleg held, að Sparisjóðurinn ætti bað sama.“ Hins vegar kvað Magnús bæj artjörnum ekkerfi hafa gerft til að flytja skjöl til. „Við eru ennþá að vona, að við erum meðal annarri heimskipti“

Sleppum," sagoi bæjarstjóri-  
inn. Hann kvaðst telja, að  
enn væru i bænum á briðja

hundrað mænns, en nauðsynlegt lið þar sagði hann vera eitthvað á annað hundrað mænns; slökkvilið, lögreglu, björgunarið og hjálparsveitir „ad ógleymdum bæjarstjórnarmönnum og simamönnum“.

Bæjarstjórn Vestmanna-

eyja samþykkti á fundi sínum í gærmorgun bakkir til Almannavarna og allra annarra aðila, sem aðstoðuðu við fólkスflutninga úr Eyjum. Þá samþykkti bærstjórnin og, að allir skyldu á burt úr bænum, aðrin en beir, sem nauð-

synlegir starfskraftar tel dust  
þar, en það eru auk framan-  
tálma, menn til að gæta  
verð frystið úsanna. Þá fór  
þejarstjórn Vestmannaeyja  
fram, að það við Almannave-  
varni, að því skipt yðou við  
Eyjar, Laxfoss, Herjófut og  
varðskip, „og sjálfir ráðum  
við yfir Löðsinum, sem við  
höfum innan hafnar,“ sagði  
Magnus þejarstjóri. Þá af-  
bakkalð þejarstjórnin aðstoð  
fleiri skipa, sem lögð voru af  
stað frá Reykjavík, þar sem  
sínt pötti þá að peirra væri  
ekki þörf. „Óg svo gáfum við  
heimabátum grænt ljós að  
að leita hafnar, hvar sem  
mönnum þetti það heppileg-  
ast.“

Magnús kvaðst þess fullviss innst inni, að hann ætti eftir „að endurheimita altt sitt folk.“ — „En meðan hættan varir, er bezt að hafa petta fyrirkomulag á hlutunum.“



Frá fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja með ýmsum rádgjöfumsinum í gær. (Ljós. Mbl. Kr. Ben.)

# Tvö skip til Eyja að sækja freðfisk og bíla

## Freðfisk- og saltfiskborgðir fyrir rúmar 160 milljónir kr. í Evjum

TVÖ skip, Hofsjökull og Hekla, héldu úr Reykjavíkurhöfn um kl. 14 gærkvöldi til að bjarga verðmatum frá Vestmannaeyjum; Hofsjökull á að gera tilraun til að lesta um 2.100 lestrir af frystum fiski, sem eru í frystigymslum frystihúsanna í Vest-

mannaeyjum, og Hekla á að  
sækja bila eyjaskeggja.

Með Hofsjökli fóru á milli 40 og 50 verkamenn frá Reykjavík til að vinna að útskipun á fiskinum, og aukl beirra fóru vélstjórar og vélgæzlumenn og höfðu peir með sér vararafstöð,

sem gripa mætti til, ef rafliman til Eyja rofnaði af völdum gossins, þannig að hegt yði að halda frosti á frystiklefun, þann sem afurðirnar eru. Frysti fiskurinn um á bœð að fara til Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, og verður því að skipa einhverju af honum í land á Reykjanessinu, þar sem Hofsjókull fer aðeins til annars landsins í einni og sömu ferð. Enn hafa ekki verið gerðir viðskiptanemningar við Sovétríkin fyrir þetta ár og getur því orðið bið að að freðskurfinn fari þangað.

Pað er Tryggingamiðstöðin hf., sem tryggir allan fiskinn í frysti húsunum, „en ham er ekki tryggður fyrir skemmdum af völdum eldgoss“, sagði Gísli Ólafsson, forstjóri flæsingas, í viðtali við Mbl. í gær. — Talinn er, að útskipun þessa magns gæti tekið um 16 – 18 tímum við venjulegar aðstæður, þ.e. ef útskipunin hefði verið sérstaklega undirbúin, en þar sem svor er ekki nú, getur hún teknið mun lengri tíma. Þarna er um að ræða verk, sem erfitt getur verið að vinna við þær aðstæður, sem nú ríkja í Eyjum, því að ekki má einu sinni koma til sóttfall, til að útskipun stöðvist. — Skípun voru ventanleg til Eyja snemma í morgun, eða um kl. 06 – 07.

Söldumistöð hraðfrystihúsanna var framleiðslu þeirra ári 1972 alls 12.719 lestar, eða um 19,5% af heildarframleiðslu hraðfrystihúsa innan S. H. Útlutningsverði með hraðfrystra sjávararfuða frá Vestmannaeyjum árið 1972 var 1.020 milljónir króna, eða um 19,48% af útlutningi hraðfrystihúsa innan sömu samtaka á því ári. Áætla má, að útlutningur S. H. hafi árið 1973 verið um 75% af heildarútlutningi frystra sjávararfuða þar áður og var hlutdeild Vestmannaeyja í heim heildarútlutningi því um 15% miðað við verðmæti.

Þær bingðir af hraðfrystum fiski, sem nái eru í Vestmannaeyjum, eru að verðmæti um 13 milljónir króna. Hraðfrystihúsini í Vestmannaeyjum eru Hraðfrystistöð Vestmannaeyja hf., Ísfálag Vestmannaeyja hf. Íslensk

Vinnslustöðin hf., Eyjaberg hf.  
og Fiskiðjan hf.

Þær upplýsingar félkk Mbl. hjá Sölsuambandi íslenskra fiskframleidanda, að verðmæti saltfiskframleidslu Vestmannaeyja að síðasta ári hefði numið um 110 milljónum króna. Nú eru 1 Vestmannaeyjum um 450 lestir af burfiski og um 50 lestir af söltuðum utsaflökum og er verðmæti þessara bírgóða talis 25 — 30 milljónir króna. Ráðgert hafsi verið, að írafoss kæmi til Vestmannaeyja í dag, miðvilkudag, og lestaði þar um 200 lestir af burfiski, en vegna náttúruhamfaranna var ekki ljóst í gærkvöldi, hvort af því ysti. Vann stjórn S.I.F. að því að reyna að útvega annað skip til að taka þennan saltfisk ef írafoss gæti ekki teknit. Þann

# Týrskarátogvír

— brezka togarans Ross Altair  
á Austfiarðamíðum

**VARÐSKIPID TÝR** skar í gær  
á annan togvir brezka togarans  
Ross Altair frá Hull, þar sem  
hann var að veðum innan 50  
milna fiskveiðilöggögnum  
Glettinganesgrunni. Annar brezka  
ur togari reyndi að koma Ross  
Altair til hjálpar, en tökst ekki  
að koma í veg fyrir að skorid  
veri á tovirlífi.

Landhelgisgæzlan gaf út svo hljóðandi tilkynningu um atburðinn:

279, þar sem hann var að veiðum 10,8 sjómlífur innan 50 sjóminna fiskveidilögsunnar á Glettirangaesgrunni. Annar brezkur togari, Northern Sky GY 25, reyndi að koma Ross Altair til hjáþar, m. næfð bvi að reyna að koma metadresu í skrúfu varðskipsins, en það mistókst. Ross Altair var einnig með kaðal til varnar, sem ham dró á

Dráttarbáturinn Statesman er nú kominn á miðin fyrir Austfjörðum, en hann var ekki nálagur, er þessi atburður gerðist.

# Landsmanna allra að leggja fram liðsinni sitt

Ávarp forseta Íslands í gær

Göðir landsmenn,

Náttúruhamfærnar í Vestmannaeyjum eru eina þeirra atburða, sem gera öll orð vanmegna. Og þó — þau má þó alfta nota til að tjá hug sínum í þóðki fyrir það, að svo óskaplegur háski við bæjarvegginn í einum fjölmennasta kaupstað landsins skyldi riða yfir án þess að nökktur mannsbam blíði listjón eða líma. Einu sínni áður hafa Vestmannaeyjar orðið vettvangur einhverra hrikalegusta atburði í sögu landsins. Það var pega Tyrkir fóru þar herskildi, dráptu tugi manna og fóguðu hundruð manns og seildu mansali. Þá tæmdust Vestmannaeyjar nær því af fólkum um sínn, eins og nú. En óliku er saman að jafna. Annars vegar mannleg grimmid og miskunnarleysi í blándni sínni. Nú eru það blind náttúruflini, sem búa i eldlegu eðli lands vors, sem ógnun valda, en á hinum böginn hefur mónnunum tekist það prekvítki að flytja

fólk allt heilt á húfi brott frá voðanum. Það er ljúft og skylt að pakka öllum, sem á svipstundi, að heita mátti, byggða þessa brú milli lands og eyja, bæði heimamönnum í Vestmannaeyjum og öllum örðrum, sem hlu eiga að mál. Það verður ekki annað séð að en að stilling, brek og góð skipulagning hafi einkennt þessa stórkostlegustu mannfloftuna, sem um getur í sögu landsins. Og veit þó enginn hvernig farið hefði, ef ekki hefði verið það lán í ólani, að veður var gott á hættulegri árstíð. Leggur drottini líkn með braut.

Þetta áfall er mikil, fyrir Vestmannaeyinga og fyrir þjóðlinn allra, en er þó enn hulið, hversu mikil Það áfall kann að verða. En ég venti þess, að það sé þegar komið á daginn, að allar hendur sér útréttar til þess að bjarga því sem bjargad verður. Þetta er vissulega mál þjóðarinnar allrar, það mun Vestmannaeyingum vera óhætt að treysta á.

Það þarf minna en þessi ósköp til að Íslendingar finni, að þessi fámenningar þjóð er líkust stórra fjölskyldu, sem veit að það sem á einn er lagt, það er lagt á alla. Nú má ein vona, að sú mildi verði með, að eldurnar hafi Vestmannaeyjakaupstað og höfniðin par, sem er skilyrði mannlifs i eyjunum og um leið ein af lífseðum þjóðarinnar. Um þetta er að einskis manns fari að spá. Hver veit nema Vestmannaeyingar verði aftur kommir til heimila sína áður en langar stundin liða. Þá væri vel, en ekki dugir annað að þessu stigi máls en að vera við ólu búinn, þótt hið beztá sé vonað. Og pangð til sárin eru grónir, hver sem verða kunnin, er það landsmanna allra að leggja fram liðsinni sitt, i hvadá mynd að gagni má koma, hvers eftir sínni getu.

Eg veit nema Ávarpsordum með því að láta í ljós samheng með því fólk, sem nú hefur orðið að yfirgerfa hús og heimili í mikilli skyndingu, og þá von og bæn, að sú stund komi



Forseti Íslands,  
herra Kristján Eldjárn

áður en varir, að aftur blómist mannlif í himum fógru og fragu eyjum, því að vísst man það ekki búa Vestmannaeyingum í hug að láta undan síga fyrir þeim aðsópmiku nágrónnum, sem gert hafa þeim þungar búsiðar nū um sínn.

## Engin trygging

ÍG bykist vita, að öll hús, sem hugsanlega eyðilegðust af völdum þessa eldgoss, myndu óbætt verða," sagði Magnús H. Magnússon, þejarstjóri í Vestmannaeyjum, viðtali við Mbl. í gær.

Magnús sagðist ekki vita til þess, að nein mannvirkji í Vestmannaeyjum væru tryggð gegn ja óskjálfum eða örðum náttúruhamförum sem þeim, er nú herja Heimavey.

### Fasteignir í Eyjum:

## Metnar á 1.651 millj. kr.

SAMKVÆMT upplýsingum, sem Morgunblaðið aflaði sér í gær hjá Fasteignatsnefnd Reykjavíkur var heildarfasteignamat í Vestmannaeyjum í árslok 1971 einn milljardur og 651 milljón króna. Skiptist þetta þannig, að mannvirkjamat er 1 milljardur og 541 milljón króna, en landmat var 110 milljónir króna.

Mannvirkjamatinu má síðan ein skipta niður í eftirfarandi liði: Mat á ibðaþáhúsnæði nam samtals 822 milljónum, verzlun-

ar- og skrifstofuhúsnæði samtals 98 milljónum, atvinnumannvirkjum samtals 417 milljónum og örðrum byggingum (svo sem skólum, sjúkrahúsum o. fl.) samtals 204 milljón króna.

Til samanburðar við aðra miðla verstórá má taka Keflavík. Samkvæmt ibúaskrá þar 1. febr. 1969 voru íbúar í Keflavík 5527

talssins og nam mannvirkjamatið þar árið 1970 samtals einum milljárdi og 505 milljónum króna en landmat í Keflavík nam 161 milljón króna. Ibúatala Vestmannaeyja 1. febr. árið 1969 var hins vegar 5096, en þar var mannvirkjamatið árið 1970 samtals einn milljardur og 512 milljónir króna og landmatið 110 milljónir króna.

## Erfiðu Grænlands-flugi lokið

I FYRRAKVÖLD lauk mjög erfíðu Grænlandsflugi skíðaflugvélar Flugfélags Íslands — Dakota-vélar — til Grænlands. Dögum saman var flugvélin veðurteppi í Meistaravík, eftir að hafa flogið til Scoresbysunds með ýmis leikningataki í stað peirra, sem eyðilegðust í brunanum um hátiðarnar.

Ráðgert hafið verið að fara frá Meistaravík til Danmarks-havn og sækla til þejarins sjúkran mann, en fallið var frá því eftir hins árangurslausu bið eftir hagstæðu veðrivar norður frá. Var því flovið í fyrradag

til Akureyrar og lent þar. Með flugvélinni komu þríðir kistur hinna látnu í sjúkrahúsbrunanum og fórðir farþegar. Kisturnar verða sendar til Kaupmannahafnar, en þar fer fram jarðarferð himna látnu.

En ekki hafa menn gefið upp frá Íslenskum fyrir hinum erfíða flugveðri yfir Danmarks-havn og er næst í ráði, að Dakotavélin fari aðra ferð með leikningaháhóld og lyfti Scoresbysunds og verður þá reynt að sameina þeiri ferð ferðina til Danmarks-havn til að seekja sjúklinginn.

61.600 krónur bárust til Mbl. í gær vegna söfnunarinnar til Hafsteins Jósefssonar og er þá upphæð þess söfnunarjár, sem bortizt hefur til Mbl. örðin 487.450 kr.

Meðal þeirra framlegra, sem bárust í gær, voru 10.300 kr. frá starfsfólk verzilumur varnarliðsins á Keflavíkflugvélum, 3.000 kr. frá starfsfólk rakkastofuinnar í Hafnarstræti 8 í Reykjavík, 7.000 kr. frá starfmönnum Hísa víkirkapustaðar og 4.700 kr. frá starfsfólk Tryggingamiðstöðvar innar h.f.

## Um hádegisbil yfir Eyjum

VIÐ flugum fjórir til Eyja um það bil sem hádegisgáfa Morgunblaðsins var að verða tilbúin til þrentum. Það var þriðja flugferð Morgunblaðsmanna á staðnum og var aðallega farin til þess að loftmyndum af hamförum um á meðan birtu nytí ennum.

Við flugum hjá Þorláks-höfn á leiðinni ef eitt hválfar af bátum Eyjamanna biði þar en fyrir utan, en gripum í töm. Þarma syndist veðrið bærlægt, en þegar austar dró byrjaði undiraldan að falda hvítu og því hvassari varð hann; og svo braut duglega á Þrídöngum þegar þeir komu út úr þoknum.

Þarna undir Vestmannaeyjum um byrjaði Eyjabátum að fjlóga, og þeir voru að halda heim. Við töldum prettan sem

snoru stafni að Heimaey, og þrír, sem héldu hópinn, voru einmitt að leggja í sundið milli Faxaskars og Ystakletts. Heimili mannanna um þorð voru hinumegin við Klettinn, og fyrir ofan þau og aftan bar eldstórána við gömslökkin, eins og logandi gösverir á svörtu tjaldi.

Maður rak strax augun í það þegar flogið var fyrir Elðið hvað eldhveririnn stóðu skipulega. Það var eins og trúlskessa hefði stíkað upp úr flæðarmálínu og hálfa leið upp í Helgafell og meilt vandilega fyrir hverjum eldstrók.

Sjóninn austur af Heimaey og langleiðina út að Bjarnar eyri virtist heitur. Það rauð að minnsta kosti úr honum, og þar hlytur sprungan að liggja eftir hafsbottinum. Mökkurinn var hvitur í fjöru-

bordinu, en sortnaði síðan þegar hann var kominn á burrt og var svartur og illa-legur þar sem hann teygði sig fyrst til himins og sveigdi þá suður í haf.

Það var bill að ferði í námsunda við kirkjuna: grænn fólkssbil og átti allan veginn. Það logaði á götuljósum og byrggjuljósum. Við gerðum sex atrennur að eldsprungunni: flugum á milli hemnar og Heimakletts, þvert yfir mannlausan bæinn. Vélin létt ferlega. Flugvélum og Heimaey hefur vist aldrei samið, en nu keyrði um þverbað. Okkar sýndist eldtjaldid milli Helgafells og sjávar vera svo sem tvö hundruð metra frá efstu húsunum. Þau voru ósköp einmanaleg. Allur austurbærinn var raunar garðarnir og göturnar. — G.J.A.



Undir hæli eldsins

**JINNLENT**

**Söfnunin  
til Hafsteins:  
Nær hálft  
milljón  
hefur boritz  
til Mbl.**

## HAMFARIRNAR Í VESTMANNAEYJUM

# Þorlákshafnara frekið

## Svipmyndir frá móttökunni á Vestmannaeyingum

„Ég held að við getum verið nokkuð ánægðir með hvernig til tókst. Hingað til Þorlákshafnar hafa komið milli 70 og 80 bátar með þorra Eyjaskeggja og þetta hefur alt gengið vel,“ sagði Jón Guðmundsson, yfirloge regluþjónn á Selfossi þegar Morgunblaðið hafði samband við hann í Þorlákshöfn síðlegis í gær. Þá taldi Jón, að flestir bátnir voru komnir til hafnar með fólkid úr Vestmannaeyjum.

Á Jóni mæddi hvað mest yfirmsjón með móttökustarfnum í Þorlákshöfn, þar sem bátnir komu með fólkid og hjálptúrar hender biðu til að aðstoða það í land og koma því í langferðabil-

ana sem óku því til Reykjavíkur. „Ég vil taka það fram,“ sagði Jón ennfremur, „að Vestmannaeyingarnir sýndu aðdáunarvert rölyndi og ekki skópuðust nein vandræði þegar komið var að bryggjuni. Þar voru líka margir til að taka á móti þeim, allir hjálpudust að og lögðust á eitt sva þetta gæti gengið sem hráast fyrir sig.“

Jón var fyrstur til Þorlákshafnar ásamt 6 lögreglumönnum frá Selfossi, og litlu síðar bættust fleiri löggæzlumenn þaðan í höppin. Síðan komu hjálparsveitir frá skáta og björgunarsveitir, sem Jón kvæðst ekki kunna að nefna, hvaðan æva að og þá skipulagt í stórum dráttum hvernig móttökunni skyldi hagða. Skátar og björgunarsveitir voru tilbúin að taka á móti hverju skipi, sem lagðist að

Ungir Vestmannaeyingar stíga í land af Arnari, fyrra skipinu sem kom til Þorlákshafnar. Pétur Guðjónsson lengst til hægri sagði við komuna: „Nei, maður varð ekki hræddur heldur aðallega ruglaður, já, alveg ringlaður.“

bryggju. Óðar voru nokkrir bess að enginn félji milli skips og bryggju, og á hafnarbakkanum biðu aðrir og tóku á móti lega vel að koma fólkini í bílanum og áleiðis til Reykjavíkur. Verður það raunar að teljast afrek, þegar bess er gatt að allt upp í 400 manns voru með sumum skipunum.

EKKI MÁ HELDUR GLEYMA HLUT SKIPSTJÓRANNA Á SKIPUNUM I PESSU AFREKI, SEM UNNÍ VAR Í ÞORLÁKHÖFN IN GÆRMORGUN. „BEIR VORU SÉRSTAKLEGA ÞÆGLIGR,“ sagði Jón Guðmundsson. „BEIR HÖFDU FENGİÐ FYRIRMÆLI UM AÐ LIGGJA ÁBEINS VIÐ BRYGGJUNA MEÐAN VERÍB VAR AÐ KOMA FÓLKINU FRÁ BORÐI, OG BEIR STÓÐU SVO SANNA LEGRA VIÐ BAÐ. SATT AÐ SEGJA VAR UNDRAVERT HVERUS FLJÓTIR PEIR VORU ALLIR SAMAN AÐ LOSA BRYGGJUPLÁSSIÐ, ÞEGAR FÓLKID VAR KOMIÐ Í LAND.“ STUNDUM VORU ALTT UPPI 10 SKIP I EINU AÐ „MANÚ ERA“, EINS OG SKIPSTJÓRARNIR KALLA BAÐ, Í HÖFNNINI, OG SLEIKTU BAÐ SKIPINA OFT OG TÍÐUM BORÐSTOKKINA HVERT Á ÓÐRU.

Jón sagðist ekki vita til þess, að nein teljandi óhöpp hefðu orðið í öllum pessum önnum, og yrði slikt að teljast mikil mildi. Hann sagði, að það hefði að visu vakrð nokkra óánægju, þegar lögðum. Frámh. á bls. 23



Aðkomumaðurinn í Eyjum, Stefán Jasonarson, hefur eftir flugfari en varð að fara með skipi eins og aðrir: „Óg þegar flotinn var kominn á haf út var engu likara en að líta yfir borgarhverfi,“ sagði hann.



Högni Sigurðsson sagði við komuna: „Annað verður ekki sagt en þeir bájarbúar hafi tekið þessu með mikilli stillingu.“



Guðfinna Ólafsdóttir ætlaði til Selfoss með syni sína þrjá, tvíburana Ólaf og Stefán og Kjartan sem varð sex ára þennan dag. „Heldur ömurlegur afmælisdagur það,“ sagði móðir hans. Erlendur Stefáns son bónið hennar varð hins vegar eftir í Eyjum.




Sigurbjörn Pálsson (dökklaeddur) kemur með hvopinni í fanginu frá borði, en hann hafði haldið á honum alla leið milli Eyja og lands. „Við áttum líka kött en hann urðum við að skilja eftir,“ sagði hann.



Pétur Guðjónsson og Lilja í Kirkjubæ á hafnarbakkanum í Þorlákshöfn. „Svo fórum við að athuga þetta betur og þá reyndist eldhafið eiginlega við þeir dýrnar hjá okkur,“ sagði Lilja.

# HAMFARIRNAR Í VESTMANNAEYJUM



Fimmtudaginn voru leiddar til slátrunar í Vestmannaeyjum í gær, þar sem tún eigandans eru nú öll undir ösku. Skrokkarnir voru fluttir sjóleðis til Þorlákshafnar og verða þeir unnið í slátruhúsum á Suðurlandi.

## Eins og Helgafell hafi hlíft byggðinni,

— segir Sigurður Þórarinsson, jarðfræðingur

MARGIR jarðfræðingar og aðrir visindamenn voru í Vestmannaeyjum í gær, við athuganir á gosinu. Ma. voru þar dr. Þorbjörn Sigurgeirsson og Leo Kristjánsson jarðfræðingar við hitaathugun á hrauni, dr. Trausti Einarsson jarðfræðingur, Sigurður Steinþórsson og Sveinn Jakobsson, sem komu með sýnishorn af nýja hrauninu til greiningar og auðvitað Sigurður Þórarinsson.

— Ég þori engu að spá um framhaldið á þessu gosi, sagði Sigurður Þórarinsson í gærkvöldi. Sprungugos vara alltaf

lengi hér, standa oft vikur eða mánuði, því miður. En gosið gæti líka stytzt í báða enda og hláðist upp gígur um miðjuna, sem ekki er gott. Þeim mun hærra, sem gígur hléfist upp, þeim mun háskalegra verður það fyrir umhverfið. Eins getur það gerzt, að gígur lokist og opn ist með nýjum krafti og betyi þá gosenfnum lengra. Eins og er liggur sprungan undarlega vel við, p. e. a. s. úr því gos þurfti að verða svo nærrí byggð. Það er eins og Helgafell hafi veitt við nám og hlíft, svo sprungan mynd aðst í hlíðum þess, en fór ekki

### Bæjarstjórn Vestmannaeyja:

## Opnar skrifstofu í Hafnarbúðum — í boði borgarráðs Reykjavíkur

BORGARRÁÐ Reykjavíkur gerði á fundi sinum í gær ályktunar, þar sem m.a. er boðin öll sú aðstoð, sem borgaryfirlöd gets veitt til að Vestmannaeyjum, sem í borginni dveljast, megi líða sem bezt. Einlig var bæjarstjórn Vestmannaeyja boðin aðstaða fyrir skrifstofu í Hafnarbúðum og hefur bæjarstjórn tekil því boði og mun koma upp skrifstofu par til aðstoðar húbum Vestmannaeyja. Þá munu Spariðjóður Vestmannaeyja og útlíð Útvegsbankans í Vestmannaeyjum opna útibú hér í Reykjavík.

Í ályktun borgarráðs segir m.a.:

„Borgarráð Reykjavíkur sendir bæjarstjórn Vestmannaeyja og Vestmannaeyjum óllum samúð arkveðjur vegna þeirra alvarlegu atburða, sem ná hafa gerzt í Vestmannaeyjum. Borgarráð lýsir jafnframt ánægju sinni yfir því, hversu vel hefur tekit með brottflutninga húba Vestmannaeyja og að skipulagning hjálparstarfsins skuli hafa tekit jafn giftusamlega og raun ber vitni um. Hefur skipulag almannavarna vel staðzit þessa raun, en fjöldi sjálfbodalaða hefur í dag unnið við þetta hjálparstarf og vill borgarráð feira þeim sérstakar pakkir.

Borgarráð býður þá Vestmannaeyjum, sem til Reykjavíkur hafa komið, velkomna til borgarinnar, þótt undir óskemmtilegum kring umstæðum sé.

Borgaryfirlöd eru reiðubúin til allra þeirra aðstoðar, sem mögulegt er að veita, til að því fólk, sem nú dvelur hér, megi líða sem bezt og vænta þess að Reykvingar allir séu reiðubúir til aðstoðar.“

### Framtalsfrestur framlengdur

RÍKISSKATTSTJÓRI hefur tilkynnt, að framtalsfrestur Vestmannaeyinga hafi verið framlengdur til og með 28. febrúar n.k.

## Fjöldi erlendra fréttamanna

FJÖLDI erlendra fréttamanna og ljósmyndara hefur boðað komu sína til landsins vegna eldgossins í Heimaey. Margir fréttamenn komu með flugvélum Loftleidu og Flugfélags Íslands í gær og aðrir eru væntanlegir í dag. Flestir eru fréttamennirnir frá Norðurlöndum og nokkrir frá Bretlandi.

AP-fréttastofan sendir hing að ljósmyndara, Daily Telegraph blaðamann. Þá eru hér kominir menn frá Syðsvenska Dagbladet, Aftenposten, Kvállsposten í Malmö, Extra bladet, Jyllandsposten, Dagens Nyheter og Ritzau

fréttastofumi. Þá eru nú hér á landi sjónvarpsmenn frá BBC, sem ætluðu að gera þátt um starfsemi íslenskra frystihúsa. Fjölmargir íslenskir fréttamenn starfa auk þess fyrir fjölda fréttastofa og fjölmörla viða um heim og hafa þeir stanlaust verið að senda fréttir út. Var svo mikil álag á talsambandi við útlönd að símasíðukur báðu með að takmarka samtíðin við sex minútur. Þá hefur einnig verið stöðug sending símasmynda frá Reykjavík og er eftirspurn eftir myndum af gosinu gífurleg.



Matráskonan í Héðni og að stoðarkonur hennar, sem matreiddu fyrir Vestmannaeyingana. (Ljós. Mbl. Sv. Þorm).

## 400 Vestmannaeyingar borðuðu í Héðni

UM 400 Vestmannaeyingar snæddu í gær hádegisverð i mótuneyti Vélsmiðjunars Héðins í bólvi fyrirtækisins. Undirbúningurinn að hádegisverðinum hófst strax, þegar séð varð, að Vestmannaeyingar yrði fluttar til Reykjavíkur. Um kl. 11.30 í germorgun komu svo 14 hóperðabírfreldar með fólkid að Héðni beint frá Þorlákshöfn. Sett ist það þá þegar að snæðingi og borgarði sípu og kjóthollur. Var

málföldinni lokid um klukkustundu síðar.

Að sögn Sveins Guðmundssonar, forstjórn Héðins, og Ásu Sigurðardóttur, matráskonu, var fólkid rölegt og aðrulaust, en sumt sjóvefkt og illa haldid. Reyjulega borga um 170 manns hádegisverð i mótuneyti Héðins, en í þetta sinn beri flestir heim til sín í mat. Auk Ásu starfa þrjár stólkur við mótuneytið, en í gær eru næstu aðstoðar skrifstofufolksins.

## Reiðubúnir til þess að ljá alla aðstoð sem í okkar valdi er

— segir bandaríski sendaráðsritarinn, Doyle Martin

MÉR var falið í morgun að tjá íslensku ríkissstjórninni samúð okkar vegna þeirra välega atburða, sem gerzt hafa á Islandi og það með, að ef þóf væri a neyðaraðstoð, þá værum við reiðubúnir til þess að láta hana í tó á allan þann hátt, sem við getum. Þetta sagði Doyle Martin, sendaráðsritari bandarískra sendiráðsins í Reykjavík í gær í viðtali við Morgunblaðið. — Þá hefur varnarliðið, eins og þegar eru komið fram í fréttum, látið

mjög til sín taka í brottflutningi folks frá Vestmannaeyjum og er reiðubúið til frekari aðgerða, betti hann við.

— Varnarliðið hefur emnfremur lýst sig reiðubúið til þess að ljá húsnæði á varnarstöðum, hvenceð sem þess verður þórf. Þar að auki hófum við boðið fram húsnæði okkar í Menningarstofu um Bandaríkjanna í Reykjavík, ef þórf er á húsnæði til skipulagnings hjálparstarfs.


Mér var tjáð af íslensku stjórn

völdunum, að svo virtist að svo komu mál, sem ekki væri þórf að alþjóðlegri aðstoð, en ég mun hafa samband við íslensk stjórnvöld, strax og ástandið verður ljósara til þess að fá vitneskjum um hvort við getum ekki veitt einförverja frekari aðstoð.

Martin sagði, að einföldagsaðstoð vegna eldgossins og afluðinga þess hefci ekki boðið á góma, enda kvaðst hann telja enn allt af snemmet fyrir íslensku ríkissstjórnina að geta gert sér grein fyrir, hvatá vanda mál kynnu að koma upp í því tilliti.

## HAMFARIRNAR Í VESTMANNAEYJUM

# Heimsókn í stjórnstöðina



Úr höfuðstöðvum Almannavarna. Frá v. Sigurður Jóhannesson, vegamálastjóri, Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri, og Pétur Sigurðsson, forstöðumaður Almannavarna.

**ÞAÐ** voru svo margir aðilar sem tóku þátt í björguninni frá Vestmannaeyjum að þeir verða ekki taldir upp í bessari frásógn, enda getið í fréttatrássögnum annars staðar í blaðinu. Hitinn og þunginn af aðgerðunum hefur þó hvilt á Almannavarnaráði, sem samhæfði og stjórnæði þeim öllum.

Það hefur stundum verið sagt með nokkur illgjá um undanförnum árum að úrræði Almannavarna á neyðarstund væru nokkur teipi sem flæddu þegar mikil væri í Elliðaánum. Það eru litlar líkjur til að þetta verði sagt framar.

Í Almannavarnaráði eiga sæti Pétur Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæzlunar, sem er forstöðumaður Almannavarna, Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri, Jón A. Skúlason, póst- og símamálastjóri, Sigurður Jóhannesson, vegamálastjóri og Ólafur Ólafsson, landlæknir. Ritari er Ólafur Walther Stefánsson, stjórnártjóri í dómsmála-ráðuneytinu.

Hamfarirnar í Vestmannaeyjum hófust um klukkan 2 aðfaraðnóttríðið og ófjöldugalsins. Um það bil hálfíma síðan var Almannavarnaráð komið saman í höfuðstöðvum sínum undir við lögreglustjórnini við Hverfisgötu og skipulagning björgunaraðgerðanna var hafin. Auk þeirra sem eiga sæti í ráðinu var þar og Will H. Perry, almannavarnasérfræðingur frá Sameinuðum þjóðum.

Hann var hér fyrir um tvíum árum og varna þá að sammingu neyðaráætlana, ásamt starfsmönnum Almannavarna hér. Ummæli hans um frábært starf Almannavarnaráðs, er að finna annars staðar í blaðinu.

Þegar fréttamenn Morgunblaðsins komu í höfuðstöðvar Almannavarna um kvöldmátarleytið í gærkvöldi, sat ráðið enn og hafði setið nær sleitlaust síðan það var kallad út. Í stöðvunum er talstóð og fjöldi síma sem sjaldan bögnuðu. Ráðið fylgdist þannig nákvæmlega með öllu sem gerðist og tök sínar ákváðanir og gaf fyrirkipanir eftir því sem börð krafði.

Sérfræðingarnir stukku í simann eftir því hvert vanda-málið var; vegamálastjóri ef eithvað gekk úr lagi með samgöngum, Ólafur, landlæknir, ef taka þurfti ákvörðun

um sjúkrahúsmál o. s. frv. Þótt þeir hefðu setið lengi var ekki mikil breytumerkil á þeim að sjá og þeir hressu sig öðru hvor með kaffi og samlokum sem framreiðslumannaskólinn hafði sent, einn fjölmargra aðila sem

— Nú hefur björgunarstarf ið gengið svo vel að gengur kraftaverki næst, en voru einhvers konar erfðileikar, sem ekki varð ráðið við?

— Nei, það er ekki haft að segja að neitt hafi gerzt sem ekki var hægt að finna lausn

til þegar með þurfti svo þetta varð ekki alvarlegt.

— Hversu mikil er vald Almannavarna? Nú hafa borizt fregnir um að fólk hafi neitad að yfirgefa eyjarnar, getið þið skipað þeim það?

— Í lögum um almannava-

## Í höfuðstöðvum Almannavarna sátu fimm menn og stjórnuðu björgunaraðgerðunum

var fús til að leggja af mörkum allt sem hann mátti, eins og þeir geta boðið vitni um, sem nutu aðhlynningar þeirra í skólanum.

Ráðið hafði að vonum mikil að gera en við fengum að leggja fyrir það nokkrar spurningar:

á. Liklega hafa mestu erfðileikarnir orðið í sambandi við simann. Þegar fréttist um gosið varð þegar mikil álag á símakerfinu. Það er eðillegt að fólk vilji sprýjast fyrir um ættingja, en þetta getur skapað erfðileika. Það hófðum talstöðvar að gripa

varnir segir að hlutverk þeirra sé að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir að almenningur verði fyrir líkams- eða eignatjóni af völdum hernaðaraðgerða, náttúru hamfara eða af annarri vís. Starfssvið Almannavarna er



Jón A. Skúlason, póst- og símamálastjóri, Ólafur Ólafsson, landlæknir og Will Perry, almannavarnasérfræðingur frá Sameinuðum þjóðum.

því slikt að það verður að hafa töluvert vald og getur því gert kröfur til og gefið fyrirkipanir opinberum aðilum, einstaklingum eða stofnunum. Ríkisstjórnin hefur hins vegar úrsítaðvald, þar sem almannavarnir lúta hennar stjórn og hún getur gefið fyrirkipanir um nauðflutninga ef þörf krefur.

Í sambandi við vald ráðsins má geta þess að i lögum um almannavarnir er kveðið a um að ríkisstjórninni sé heimilt að tak að leiguðum skip, flugvélar og vélknúni öktuæki fyrir brotflutning þess fólk sem ekki getur séð sér sjálf fyrir farkost. Hún má einnig gesa fyrirmæli á neyðarstund um að húseigandi eða húsráðandi skuli taka við þólk sem flutt er af hættusvæði og veita því fæði ef nauðsyn er.

— Þar sem ríkisstjórnin fól Almannavarnaráði framkvæmd björgunarstarfsins má segja að vald þessi í þessu tilvik sé mikil. Það skal hins vegar tekið skyrt fram að það burfti engar fyrirkipanir að gefa í þessu efni, það buðu svo margir aðstoð sina að við gátum ekki notað nærrí öll tilboðin.

— Nú var til neyðaráætlun um brotflutning frá Eyjum, sem hægt var að styða við að nokkrar leyti. Hvað eru til margar sams konar áætlunar fyrir aðra staði?

— Það eru fullbúnar áætlunar fyrir Húsvík, Vík í Mýrdal og Ísafjörð og svo flugvellina í Keflavík og Reykjavík. Það er nú verið að vinna að áætlun fyrir Reykjavík og Akureyri. Undir Reykjavík falla einnig í þessari áætlun, Kópavogur, Seltjarnarnes, Hafnarfjörður, Garðabæppur og Mosfellsbæppur.

— Nú en mesta hættan að mannskaða úr sögumni, hvað tekur þa við hjá ykkur?

— Hættan er nú ekki án sögumni enn, það eru enn menn í Eyjum og verða næstu daga ef ekki gerist eitt hváð nýtt. Við fylgjumst að sjálfsögðu með öryggi þeirra sem bar eru enn, en þar að auki byrjun við nú að vinna að því að hindra eignatjóni eftir því sem við getum. Við erum t.d. að senda skip til að nái í bifreiðar til Vestmannaeyja og einnig fisk sem þar er í frystihúsum. Fleiri sambærilegar ráðstafanir verða væntanlega gerðar að næstu dögum. — ót.



## HAMFARIRNAR Í VESTMANNAEYJUM

# Við verðum að fá að trúa því að við komumst heim ... bar er allt okkar líf

Litið inn í skóla í Reykjavík í gær og Vestmannaeyingar tali

**P**EGRAR fréttamenn Mbl. fóru upp úr hádeginu í gær í skóla þá, bar sem tekið var á móti Vestmannaeyingum og að þeim hlynnt, var viðast orðið þunnskipað nema í Stýrimannaskólanum; þar var enn nokkur örtröð og fleiri farþegabílar væntanlegir. Í hinum skólunum voru aðeins eftir fáar fjölskyldur og hafði þeim flestu verið útvegaður samastaður fyrir sig og sína um það er lauk. Langflestir Eyjaskeggjar fengu húskjól hjá ættingum og vinum og fjölmargir buðu fram aðstoð sína, m.a. með því að bjóða til dvalar heilum fjölskyldum eða léðu ibúðarhúsmæði. Mikil ánægja var að fylgjast með því, hversu vel og skipulega hafði verið unnið á hverjum stað og allir lagt fram sinn skerf til að sem greiðast og bezt gæti gengið.

### Melaskólinn

I Melaskólanum voru konur úr Rauða krossinum og Kvenfélögnum Heimaey — félagi Vestmannaeyjakvenna, búsettra í Reykjavík — sem hófðu unnið að skráningu og aðstoð við að bera gestunum mat og hláa að þeim, sem las burða voru. I Melaskólanum munu hafa komið milli 5–600

**V**alur Júliusson læknir og Ingibjörg Nielsen, hjúkrunarkona voru í sjúkraherberginu, og sagði Valur að þau hefðu sent þrjá að sjúkrahús, konu sem hefði hrásad og auk þess fengið snert af taugaðalfalli, hjartasjúkling hefði verið komið á spítala og einn færð a Vífilstaði til hress ingar.



Fra Melaskóla. Konur úr kvenfélögnum Heimaey og Rauða kross konur að störfum.

manns. Við tókum tali tvær konur úr Heimaey og spurðum fréttá.

— Í fyrstu komu hingað að allegra börn og konur, einnig aldráð fólk, og svo síðar heilu fjölskyldurnar, sögðu þær systur Helga og Gunnhildur Helgadætur. — Okkur fannst fólk vera óskóp duglegt. Margir fengu strax samastað hjá ættingum og margir vildu takा þá, sem ekki áttu að neinu að hverfa, inn á heimili sin. Við teljum að vandkvæði að koma fólk inn fyrir hafi nánast engin verið, vegna þess einstaka gövvilja sem Reykvikar hafa synt. Auðvitað voru margir dálitið mið ur sin, en hvernig getur ann að verið, þegar svona vålegar atburðir gerast, sem enginn veit, hverjar lyktir fá. Flestar kvennanna hafa verið hér síðan eldsnemma í morgun og margir aðgjur hafa lagt hönd á plöginn.

